

Hverfisráð Hríseyjar

119. fundur

Föstudaginn, 28. september 2018, kl 20:00 var haldinn 119. fundur hverfisráðs í Hlein.

Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Kristinn Frímann Árnason og Claudia Werdecker.

Dagskrá:

1. Aðalfundur Hverfisráðs

Að beiðni bæjarstjóra var aðalfundi frestað sl. vor. Hverfisráð leggur til að aðalfundurinn verði haldinn 24. eða 25. október kl. 16.

2. Hverfisráð

Núverandi hverfisráð leggur til breytingu á 5. gr. „Um skipan hverfisráða“ í samþykkt fyrir hverfisráðin í Hrísey og Grímsey. Í stað þess að það sé kosið til eins árs í senn leggur hverfisráð til að kosið sé til fjögurra ára, eins og er í öðrum fastanefndum sveitarfélagsins. Óskar hverfisráð eftir að bæjaryfirvöld lýsi yfir skoðun sinni varðandi erindið.

3. Önnur mál

Vinna við Austurveg, samstarf hverfisráðs við Akureyrarbæ, umferðarmál og ferjumál rædd.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 21:00.

Þorgeir Jónsson
Kristinn Frímann Árnason
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker